

Questo manuale d'istruzione è fornito da trovaprezzi.it. Scopri tutte le offerte per [Hasbro Monopoly](#)

[Fortnite](#) o cerca il tuo prodotto tra le [migliori offerte di Giochi da Tavolo](#)

ADGERDATENINGUR



Adgerdateningurinn gerir þér kleift að framkvæma tiltekna adgerðir þegar þú átt leik.

Gættu þess að hafa lokið adgerðinni sem kom upp á teningnum áður en næsti leikmaður kastar teningnum, annars er það um seinan!

Ef það kemur upp sárabindi á teningnum áttu rétt á 2 HP frá bankanum.

Mundu að þú getur ekki verið með fleiri en 15 HP.

Ef þú færð upp mið á teningnum máttu velja hvaða leikmann sem er í sjónmáli sem á að borga bankanum 1 HP. Leikmaður er „í sjónmáli“ við þig ef hann er staddur sömum megin á spilaborðinu. Það þýðir að þegar þú ert á hornreit ertu með tvær hliðar spilaborðsins í sjónmáli. Skoðuðu alla hluti úr ránsfengskistunni sem þú ert með til að gá hvort þú getur bætt eða breytt miðunaraðgerðinni!

Ef það kemur upp Boogie Bomb á teninginn missa allir hinir leikmennirnir 1 HP til bankans og allir veggir verða eyðilagðir. Fjarlægðu þá af borðinu og settið í bunkann með Wall-spjöldunum (spjöldum með veggjum).

Ef það kemur upp múrsteinn skaltu færa þig til og ljúka svo við adgerðina fyrir þann reit. Svo skaltu setja upp vegg á hvaða reit sem er á leiðinni. Hér er dæmi:



Til hvers eru veggirnir?



Þegar þú kemur að reit sem er með vegg er ekki hægt að valda þér skaða með neinni adgerð á adgerdateningnum eða ráðast á þig með hlutum úr ránsfengskistunni.

Þú getur fjarlægð vegg með því einu að komast á þann reit, eða með því að nota hvaða adgerð sem er á adgerdateningi eða hvaða hlut úr ránsfengskistunni sem er til að ráðast á vegginn, með sama hætti og ráðist væri á annan leikmann.

Hér er dæmi um hvernig hægt er að eyðileggja vegg og af hverju það skiptir máli hvaða teningur er notaður fyrst.

Í þessu dæmi fékk Raptor töluna 5 og mið upp á teningana. Ef hann færir sig fyrst verður hann að stoppa þegar hann kemur að næsta vegg, sem er aðeins 3 reiti frá honum. Þá lýkur hans umferð þar, hann fjarlægir vegginn en missir 2 HP fyrir að lenda á reit sem The Storm hefur lagt undir sig. Því næst gæti hann notað miðið til að ráðast á Cuddle Team Leader.

Hann gæti hins vegar líka notað miðið fyrst til að eyðileggja vegginn, fært sig um alla fimm reitina og sótt Location-sjald fyrir Snobby Shores.



STORM-SPJÖLD



Þegar þú lendir á eða ferð yfir BYRJUNARREIT (GO) minnkar auga The Storm!

Þegar þú ert búin(n) að gera skaltu taka Storm-spjaldið sem er efst í bunkanum og snúa því við. Á spjaldinu stendur hvaða reit The Storm hefur lagt undir sig. Spjaldið segir þér að þú eigir að staðsetja spjaldið á tilteknum reit, eða, ef The Storm hefur lagt undir sig staðsetningu, að staðsetja Location-sjald þess reits með Storm-hliðina upp.

Ef þú lendir á staðsetningu þar sem The Storm ræður ríkjum þarftu að greiða bankanum þann fjölda HP sem er tilgreindur er á spjaldinu.

Ef þú lendir á einhverjum öðrum reit sem The Storm hefur lagt undir sig þarftu að borga bankanum 2 HP.

Ekki framkvæma adgerð á einhverjum reit ef The Storm hefur lagt reitinn undir sig.

Þegar Storm-spjaldi hefur verið komið fyrir á reit er ekki hægt að færa það úr stað.

Ef The Storm leggur undir sig fangelsisreitinn á meðan þú ert í fangelsi (Jail) missir þú ekki 2 HP.

HVAÐ GERIST EF ÉG MISSI ÖLL HP?



Um leið og þú missir síðasta HP ertu úr leik! Þá skaltu gera eftirfarandi:

1. Taktu leikpersónuna þína af leikborðinu.
2. Settu alla hluti úr ránsfengskistunni sem þú átt á reitinn þar sem þú misstir síðast HP. Næsti leikmaður sem fer yfir eða lendir á þeim reit má hirta hlutina!
3. Settu þau Location-spjöld sem þú kannst að vera með á samsvarandi reiti á spilaborðinu, með Storm-hliðina upp. The Storm hefur lagt þá undir sig!

LOK SPILSINS

Leiknum lýkur þegar það er aðeins einn leikmaður eftir.



◆ Hraða fasteignaspilið ◆



FORTNITE

FORTNITE og FORTNITE (stylized) eru vörumerki Epic Games, Inc. Myndir úr Fortnite, frásagnarþættir, persónur, sérstakir búningar eða „outfit“ og tengdir hönnunarþættir eru í eigu © 2013-2018 Epic Games, Inc. Allur réttur áskilinn. Heitin og táknið HASBRO GAMING og MONOPOLY, hönnun leikborðsins, hornreitirnir fjórir, heitið MR. MONOPOLY og persónan, sem og sérstaklega hönnuð atriði á leikborðinu og leikþéð, eru vörumerki Hasbro fyrir fasteignakaupspil þess og leikjábúnað. Geymið þessar upplýsingar ef þeirra kynni að verða þörf síðar. Litir og innihald geta vikið frá því sem hér er sýnt. ©1935, 2018 Hasbro. Allur réttur áskilinn. Framleiðandi: Hasbro SA, Rue Emile-Boéchat 31, 2800 Delémont CH. Fulltrúi: Hasbro_De Entree 240, 1101 EE Amsterdam_NL, Hasbro Nordic, Gladsaxevej 382, 2860 Søborg, Danmark. +45 00 43 27 01 00 hasbrodk@hasbro.dk www.hasbro.dk

1118E6603361



www.monopoly.com



◆ Hraða fasteignaspilið ◆



INNIHALD
Spilaborð
27 Outfits úr pappa, ásamt leikmannastöndum
15 Storm-spjöld
16 Location-spjöld
16 ránsfengskistunni
8 Wall-spjöld
1 tilbúsettur teningur
1 adgerdateningur með merkimiðum
110 Health Point-teningar

ALDUR
13+



LEIKMENN

E6603



FORTNITE

Leiðbeiningar

HVAÐ ER NÝTT OG ÖÐRUVÍSI VIÐ MONOPOLY FORTNITE?

Sá sem stendur síðastur uppi er sigurvegari!

MONOPOLY Fortnite snýst ekki um að eignast hluti heldur um að þrúka lengur en allir aðrir! Það er ekki nóg að leggja undir sig flestar staðsetningar, þú þarft líka að halda lífi lengst allra til að vinna!

Health points

Health point (HP), eða heilsustig, koma í stað peninga. Þú vinnur þér inn HP með því að ná í aukna heilsu með teningakasti, með því að lenda á varðeldsreitum eða með því að safna hlutum úr ránsfengskistunni. Þú missir HP ef annar leikmaður ræðst á þig eða ef þú lendir í The Storm.

Stökktu út úr The Battle Bus!

Í þessari útgáfu af MONOPOLY byrjar leikurinn ekki á BYRJUNARREIT (GO)! Þess í stað skiptast leikmenn á í upphafi leiks að staðsetja leikpersónuna sína einhvers staðar á spilaborðinu. Þannig verður auðveldara fyrir leikmennina að dreifa sér og komast þannig hjá því að verða fyrir árás strax í upphafi leiks.

Aðgerðateningur

Þessum teningi er kastað um leið og tölusetta teningnum. Þegar þú átt leik færir þú þig um tiltekna reiti OG um leið setur þú af stað aðgerð, eins og að sprengja Boogie Bomb eða byggja „vegg“ á spilaborðinu sem þvingar aðra leikmenn til að stoppa á þeim reit.

The Storm nálgast


Í hvert sinn sem leikmaður fer yfir BYRJUNARREIT (GO) þarf hann að draga Storm-spjald. Á spjaldinu kemur fram hvað hinn lífshættulegi Storm verður að þekja marga reiti á spilaborðinu.

Í FYRSTA SINN SEM SPILAÐ ER


1 Losaðu hvert outfit fyrir sig úr pappanum og festu það á plaststandinn.




2 Losaðu hvert Wall-spjald fyrir sig úr pappanum og settu á það brot svo að það geti staðið upprétt.



3 Límdu einn merkimiða á hverja hlið aðgerðateningsins, í hvaða röð sem er.



4 Límdu einn merkimiða á hverja hlið aðgerðateningsins, í hvaða röð sem er.



GERÐU ALLT KLÁRT!

1 Settu HP-peningana þar sem allir leikmenn ná til þeirra.

2 Stokkaðu bunkana með ránsfengskistuspjöldunum og Storm-spjöldunum hvorn fyrir sig og settu bunkana á hvolf hér.

3 Settu Location-spjöldin á borðið, næst reitunum sem samsvara hverju spili. Ef það er ekki nóg pláss skaltu hafa spjöldin í bunka og velja einhvern leikmannanna til að passa bunkann.



4 Hver leikmaður hefur leikinn með

15 HP

Mundu að þú getur ekki verið með fleiri en 15 HP. Ef þú ert með 15 HP og einhver aðgerð kallar á að þú safnir fleiri HP skaltu ekki gera það.

5 Hver leikmaður velur sér outfit og kastar svo tölusetta teningnum. Leikmaðurinn sem fær hæstu töluna fær að velja hvar hann byrjar leikinn og setur sína leikpersónu á þann reit. Staðsetning annarra leikmanna eftir það gengur til vinstri. Þegar þú átt að gera í fyrsta sinn skaltu gera það sem stendur á þínum reit.

SPILIÐ LEIKINN!

Til að vinna

Færðu þig eftir spilaborðinu og leggðu hald á staðsetningar, berstu við óvinina og reyndu að forðast The Storm. Leikmaðurinn sem stendur síðastur uppi þegar allir aðrir eru uppiskroppa með HP vinnur leikinn!

Hver byrjar?

Sá leikmaður sem setti sína leikpersónu fyrst á borðið á fyrstur leik. Eftir það gengur spilið til vinstri.

Þegar þú átt leik

1. Kastaðu báðum teningum og gerðu eftirfarandi, í hvaða röð sem er:

• **Hreyfðu** leikpersónuna þína fram um þann reitafjölda sem kom upp á teningnum.

Hvar lentir þú? Farðu eftir reglunum á þeim reit á borðinu. Sjá nánar í REITIRNIR Á BORDINU.

• **Framkvæmdu aðgerðina** sem kom upp á aðgerðateningnum. Sjá nánar í AÐGERÐATENINGURINN.

2. Þegar þú ert búin(n) að gera og hefur lent á eða farið yfir BYRJUNARREIT (GO) skaltu taka Storm-spjaldið sem er efst í bunkanum og snúa því við. Auga The Storm er að minnka! Sjá nánar í! STORM-SPJÖLD.

Location-skipti (skipti á staðsetningum)

Í hvert sinn sem þú átt leik getur þú boðist til að skipta á staðsetningum/ eða hlutum úr ránsfengskistunni við aðra leikmenn.

REITIRNIR Á BORDINU Locations (staðsetningar)



Unclaimed Locations (staðsetningar á lausu)

Ef þú lendir á staðsetningu sem enginn hinna leikmannanna hefur lagt undir sig og er ekki undir The Storm getur þú lagt reitinn undir þig ókeypis! Þá þarft þú ekki að borga neitt. Taktu Location-spjaldið.

Safnaðu litasettum!



Ef þú hefur lagt undir þig báðar staðsetningarnar í tilteknum lit getur þú fengið 2 HP í hvert sinn sem þú lendir á öðrum hvorum þeirra reita.

Staðsetningar sem aðrir leikmenn leggja undir sig

Ef þú lendir á staðsetningu sem einhver hinna leikmannanna hefur lagt undir sig þarftu að greiða bankanum þann fjölda HP sem er tilgreindur á spilaborðinu.

Staðsetningar sem eru undir The Storm

Þegar þú lendir á staðsetningu sem The Storm hefur lagt undir sig (sjá STORM-SPJÖLD) áttu að greiða bankanum þann fjölda HP sem fram kemur á Storm-hlið staðsetningarspjaldsins. Athugaðu að þú greiðir fleiri HP fyrir staðsetningu sem The Storm hefur lagt undir sig.



BYRJUNARREITUR (GO)

Þegar þú lendir á eða ferð yfir BYRJUNARREIT (GO) færðu 2 HP frá Bankanum. Þegar þú ert búin(n) að gera skaltu taka Storm-spjaldið sem er efst í bunkanum og snúa því við. Sjá nánar í STORM-SPJÖLD.

Ef The Storm hefur lagt undir sig BYRJUNARREIT (GO) geta leikmenn ekki fengið 2 HP fyrir að fara yfir eða lenda á þeim reit en eiga eftir sem áður að draga Storm-spjöld.

Fritt staði (Free Parking)

Slappaðu af! Ekkert gerist.

Varðeldur

Ef þú lendir á þessum reit skaltu hvíla þig um stund! Þú færð 1 HP frá bankanum.

Gaddagildra

Ef þú lendir á þessum reit þarftu að borga bankanum 1 HP.



Ránsfengskista

Ef þú lendir á þessum reit áttu að draga ránsfengskistuspjald.

Hlutir á ránsfengskistuspjaldi geta verið tvenns konar: Hlutir sem þú heldur eftir og hafa áhrif á gang leiksins eftir það og hlutir sem eru merktir sem einnota, þ.e. má aðeins nota í eitt skipti.

Þú mátt nota fleiri en einn hlut í hverri umferð og sumir hlutanna geta verið mjög öflugir þegar þeir eru notaðir saman.


Þú mátt halda eftir einnota spjöldum þar til þú vilt nota þau, en mátt aðeins nota þau þegar þú átt leik.

Þegar búid er að nota einnota spjald er það sett neðst í bunkann með ránsfengskistuspjöldunum.

Ef þú dregur hlut sem færir þér heilsu, en ert þegar með hámarksfjölda HP (15), máttu halda þeim hlut og nota hann seinna. **Mundu að þú getur ekki verið með fleiri en 15 HP.**

Bara í heimsókn (Just Visiting)

Ef þú lendir á þessum reit skaltu setja persónuna þína á svæðið fyrir þá sem eru „Bara í heimsókn“.



Farðu í fangelsi (Go to Jail)

Ef þú lendir á „Farðu í fangelsi“ (Go to Jail) skaltu gera eftirfarandi:

- Færðu leikpersónuna þína tafarlaust á fangelsisreitinn (In Jail). Ef The Storm hefur lagt undir sig reitinn missir þú 2 HP, en ferð samt ekki í fangelsi (Jail). Þú getur haldið áfram eins og venjulega í næstu umferð.
- Dragðu Storm-spjald og þektu fjölda reita sem tilgreindur er á spjaldinu með The Storm. Þú færð ekki 2 HP fyrir að fara yfir byrjunarreit (GO). Þá er þinni umferð lokið.

Í fangelsi

Á meðan þú ert í fangelsinu (Jail) geta aðrir leikmenn samt sem áður ráðist á þig.

Ef The Storm leggur undir sig fangelsisreitinn á meðan þú ert í fangelsi (Jail) missir þú ekki 2 HP.

Hvernig kemst ég úr fangelsi?

Þú þarft að borga bankanum 2 HP áður en þú færð að kasta teningnum. Svo skaltu kasta báðum teningunum og leika þína umferð, eins og venjulega.

EDA

Kastaðu tölusetta teningnum. Ef þú færð töluna 6 sleppur þú úr fangelsinu án þess að borga neitt! Kastaðu báðum teningunum og leiktu þína umferð, eins og venjulega. Ef þér mistekst að fá upp sexu er þinni umferð lokið. Eftir seinni tilraun til að kasta teningunum máttu fara úr fangelsinu án þess að borga og kasta svo báðum teningunum eins og venjulega næst þegar þú átt leik.

Ef The Storm hefur lagt undir sig fangelsisreitinn heldur þú ekki áfram að missa HP fyrir hverja umferð á meðan þú ert í fangelsinu (Jail). Þú missir þessi 2 HP aðeins einu sinni.

Ef þú ert á fangelsisreitnum þegar The Storm leggur hann undir sig sleppur þú úr fangelsinu án þess að borga neitt! Færðu þig eins og venjulega næst þegar þú átt leik.